


✉ Re: Beiðni um umsögn v. fyrirhugaðra framkvæmda - 202108043

Búið til	1.9.2021 10:29:13
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	1.9.2021 10:29:09
Tilheyrir	 202108-0015 - Umsókn um byggingarleyfi í Klifatanga, Suðursveit

Efni

Re: Beiðni um umsögn v. fyrirhugaðra framkvæmda - 202108043

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	1.9.2021 10:29:09	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bartek@hornafjordur.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202108-0015 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá Sveitarfélaginu Hornafirði, dags. 18. ágúst 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um byggingarleyfi til niðurrifs á sumarbústað og nýbyggingu á sumarhúsi í Klifatanga.

Byggingarreiturn er staðsettur innan svæðis nr. 633 á náttúruminjaskrá en um það svæði segir:

“633. Steinadalur og Staðarfjall, Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, þ.e. Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.” (Umhverfisstofnun | Austurland (<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>)).

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við að byggingarleyfið sé veitt.

Nýbygging verður töluvert stærri en núverandi sumarbústaður, en verður láreist og því ólíklegt að hún muni hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins, en verndargildi þess fellst einkum í landslagi. Þá er byggingin á jaðri verndarsvæðisins. Gæta þarf að því að raska ekki gróðri að öþörfu. Áberandi er alaskalúpína næst byggingarreitnum sem hefur ekki verndargildi en vestan megin við reitinn er votlendi sem forðast skal að raska.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Bartek Skrzypkowski" <bartek@hornafjordur.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn v. fyrirhugaðra framkvæmda - 202108043

Date: 18.8.2021 16:18:58

Góðan dag,

Sveitarfélaginu Hornafjörður hefur borist umsókn um byggingarleyfi til niðurrifs 30,6m² sumarbústaðar í Klifatangi (fasteignarnúmer F2181725) og til nýbyggingar 150,6m² sumarhús á sömu stað. Um er að ræða svæði nr. 633 á náttúruminjaskrá (svæði merkt ÖN 10 í aðalskipulagi sveitarfélagsins).

Þar sem ekki er til staðar samþykkt deiliskipulag óskað er umsagnar ykkar á grundvelli 2.mgr.37.gr. náttúruverndarlaga 60/2013.

Meðfylgjandi koma aðaluppdrættir af fyrirhuguðum framkvæmdum.

bestu kveðjur,

Bartek Skrzypkowski

Byggingarfulltrúi

*_**

Umhverfis- og skipulagssvið

Sveitarfélagið Hornafjörður

Hafnarbraut 27, 780 Höfn

S: 470 8000

*_**

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur, ásamt viðhengi, gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál og eru eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 5. Mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar.

Please note that this e-mail and its attachments is intended for the exclusive use of the person or entity to which it is addressed. Any review, disclosure, dissemination or other use of, or taking of any action in reliance upon, this information by others than the intended recipient is prohibited by law. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the message.

Viðhengi

image001.png (5 KB)